

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.—5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

Pegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. málsgrein við rækjuveiðar sbr. 4. gr. er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Ennfremur er óheimilt að nota net eða hvaðeina til þéttingar poka að aftan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. október 1982, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1982.

F.h.r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	1,01
	kr.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	60,00
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	75,00
3. Íslenskar áfengistegundir	245,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	300,00